

AUGLÝSING

um deiliskipulag Flúðasels, svæðis fyrir veiðihús í landi Böðvarsness, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 3. júlí 2014 tillögu að deiliskipulagi Flúðasels svæðis fyrir veiðihús í landi Böðvarsness í Fnjóskadal. Svæðið er skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Tillagan gerir ráð fyrir að byggt verði við núverandi veiðihús og einnig verði reist fimm ný smáhýsi til gistingar auk aðgerðarhúss á lóð sem áætluð er um 0,4 ha að stærð. Allar nýbyggingar verða á einni hæð. Heildarbyggingarmagn á lóð er áætlað um 265-277 m² og áætlað nýtingarhlutfall 0,07.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 30. september 2014.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. október 2014